

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2016, þriðjudaginn 15. mars, var haldinn 122. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.20. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty, Elísabet Ólöf Helgadóttir, Sigbór K. Ágústsson, Aðalheiður Frantzdóttir og Bergþór Heimir Þórðarson. Einnig voru mætt áheyrnarfulltrúarnir Kjartan Þór Ingason fyrir Framsókn og flugvallarvini og Guðný Halla Hauksdóttir frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt, Magnús Sigurjón Guðmundsson varamaður Samfylkingar og Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri. Fundarritari var Arnar Snæberg Jónsson.

Petta gerðist:

1. Stutt kynning á nýráðnum verkefnastjóra félagsstarfs í Breiðholti.
Elísabet Karlsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Umræður um skipulag Breiðholtsþings sem haldið verður miðvikudaginn 6. apríl nk. í Gerðubergi.
3. Kynning á sérfræðiþjónustu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts við skóla í hverfinu og umræða um bið eftir greiningum.
Hverfisráð leggur til að sviðsstjóra velferðarsviðs og formanni velferðarráðs verði boðið á næsta fund ráðsins til að ræða mögulegar lausnir á stöðunni.
Samþykkt.
Hákon Sigursteinsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 17:45 vikur Guðný Halla Hauksdóttir af fundinum.
4. Umræða um ástand gatna í Breiðholti. Hverfisráð leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:
Hverfisráð Breiðholts óskar eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði um hvort núverandi aðgerðir í viðhaldi gatna í Breiðholti séu einungis til bráðabirgða. Ef svo er, hver er þá heildaráætlunin varðandi slíkar lagfæringar á götum í Breiðholti og eru fyrirhugaðar einhverjar langtímalausnir varðandi viðhaldi gatna í hverfinu?
5. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:
Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina er alfarið á móti því að bílaumboð komi á íþróttasvæði ÍR við Árskóga og óskar því eftir upplýsingum frá borgaryfirvöldum hvort úthlutað eigi lóð fyrir bílaumboðið?

Fundi slitið kl. 18.15.

Nichole Leigh Mosty

Sigbór K. Ágústsson
Aðalheiður Frantzdóttir

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Bergþór Heimir Þórðarson